



Fundargerð

**Fundur haldinn í Almannavarnarnefnd mánudaginn 12. febrúar 2020
kl. 12:00 í fundarsal SSS.**

Mættir: Kjartan Már Kjartansson, Ólafur Helgi Kjartansson, Hanna Vilhjálmisdóttir, Birgir Ólafsson, Fjölur Guðmundsson, Einar Jón Pálsson, Sigurður Skarphéðinsson, Jón Guðlaugsson, Gunnar Schram, Arngrímur Guðmundsson og Sigurgeir Sigmundsson

Forföll boðuðu; Guðlaugur H. Sigurjónsson, Arnar Steinn Elísson, Magnús Stefánsson og Ásgeir Eiríksson.

Hanna Vilhjálmisdóttir mætti fyrir svæðisstjórn svæði 2 í fjarveru Arnar Steins Elíassonar.

Einar Jón Pálsson mætti í fjarveru Magnúsar Stefánssonar

Gestir: Fannar Jónsson bæjarstjóri Grindavík og Ásmundur Jónsson slökkviliðsstjóri Grindavík og Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir.

Dagskrá:

Formaður setti fundinn kl. 12:05

1. Jarðhræringar við Grindavík

Fannar Jónsson og Ásmundur Jónsson fóru yfir þá vinnu og aðgerðir sem hafa verið í gangi varðandi jarðhræringar í grennd við Þorbjörn við Grindavík. Unnið hefur verið að gerð rýmingaráætlana, bæði sveitarfélagsins í heild og einstakara stofnanna og vinnustaða, og æfingar haldnar. Kom lögreglan mikið að þessari vinnu ásamt heimamönnum. Komið hefur að ljós að staðsetning fjöldahjálparstöðvar, sem skv. eldri áætlunum átti að vera Hópskóla, var ekki hentug en íþróttahúsið mikið hentugra til þess. Er verið að er að gefa út bækling með öllum helstu upplýsingum og rýmingarleiðum sem verður borinn í öll hús í Grindavík. Þórólfur kom með ábendingu um að mikilvægt væri að setja inn upplýsingar um mögulegar varnir sem fólk þarf að hafa í huga vegna mögulegrar brennisteinsvetnismengunar og annarra gastegunda sem geta komið upp í kjölfar jarðhræringa/eldgosa.

Kjartan spurði út í samskipti við erlenda íbúa. Fannar sagði að það hafi komið í ljós að þeir íbúar væru mjög áhyggjufullir. Haldinn var sérstakur fundur fyrir þá og reynt að fara yfir allt sem bæjarfélagið er að vinna að og það skýrt í þaula og hefur það haft róandi áhrif á fólkið.

Kjartan spurði lögreglu hvort það sé á döfinni að gera svipaðar áætlanir fyrir önnur sveitarfélög á svæðinu og sagði Gunnar Schram að þessar áætlanir séu í hugsaðar fyrir Suðurnesin í heild og reiknar með að það sams konar vinna með öðrum sveitarfélögum haldi áfram í framhaldi af þessari vinnu.

Ólafur Helgi sagði margar af þessum áætlunum þegar til en þær þurfi að fara yfirfara og aðlaga að þessari vinnu.

Einar Jón benti á að huga þurfi að því á svæðinu hvað gerist ef rafmagn og heitt og kalt vatn dettur út á öllum Suðurnesjum og að almannavarnir þurfi að skoða það hvernig hægt væri að lágmarka áhættuna í þessu máli. ***Framkvæmdastjóra nefndarinnar er falið að senda sveitarfélögunum á Suðurnesjum, HS Veitum og HS Orku erindi og óska eftir að hver þessara aðila tilefni 1-2 fulltrúa í vinnuhóp sem fær það verkefni að gera áætlun um hvernig bregðast skuli við ef til alvarlegra atburða kemur og heitt vatn til húshitunar, neysluvatn og rafmagn dettur út á Suðurnesjum.***

2. Coronavirus

Þórólfur Guðnason sóttvarnarlæknir fór yfir áhættumatið fyrir Ísland og hvaða möguleika er verið að skoða í viðbrögðum. Fór hann lauslega yfir þann feril sem hefur verið á vírusnum og hversu útbreiðsla hefur verið mikil í heiminum. Það sem er jákvætt er að útbreiðslan hefur ekki verið mikil utan Kína en upplýsingar þaðan hafa ekki verið nógu áreiðanlegar. Unnið er að áætlunum fyrir Evrópu en áhættan er ekki mjög mikil að mati Sóttvarnarstofnunar Evrópu. Reikna verður með því að vírusinn berist til Íslands um Keflavíkurflugvöll en erfitt er að hefta aðgengi fólks inn í landið að sögn Þórólfs. Hjá Ríkislögreglustjóra er verið að skoða hvað sé hægt að gera t.d. lagalega og/eða vegna annarra hluta. Nálgun sóttvarnarlæknis er að bregðast fljótt og ákveðið við ef til þess kemur að þurfi að setja fólk í sóttkví.

Ólafur spurðist fyrir um upplýsingar sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin var að gefa út. Þórólfur svaraði og sagði þær ekki alveg í samræmi við Sóttvarnarstofnun Evrópu.

Þórólfur upplýsti að búið væri að vinna alla vinnu við að senda út upplýsingar til stofnana og fyrirtækja til að þau geti undirbúið sig, ef kæmi til rofins rekstur og/eða stór hluti starfsmanna veiktist, þannig að þau hefðu tíma til að undirbúa sig.

Fannar, Ásmundur og Þórólfur viku af fundi eftir lið 2

3. Ófærð í janúar. Innviðir til að takast á við áföll.

- Opnuð var fjöldahjálparstöð í íþróttahúsinu við Sunnubraut.
- Allt tókst vel og dæmið gekk upp en ljóst að fara þarf betur yfir verkferla sem tengjast boðun og upplýsingagjöf.
- Hanna segir að hún hafi f.h björgunarsveitanna sett þessa aðgerð af stað, en hún byrjaði sem aðgerð vegna eins fasts bíls á Rósaselstorgi en endaði sem aðgerð í kringum 4000 farþega á leið til og frá og í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.
- Birgir benti á að þegar búið verður að skýra verklag þurfi að upplýsa alla aðila og setja þetta verklag inn í skipulag allra viðbragðsaðila.

4. Alvarlegt atvik á Keflavíkurflugvelli föstudaginn 7. febrúar sl.

- Rannsóknarnefnd samgönguslysa mun rýna atvikið og stjórn Almannavarna væntanlega fá upplýsingar þegar því er lokið.

5. Önnur mál.

Stjórn Almannavarna Suðurnesja telur að ekki megi bíða lengur með að ljúka tvöföldun Reykjanesbrautar alla leið að Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Þótt segja megi að í málum 3 og 4 hér að framan hafi menn sloppið með skrekkinn er ómögulegt að segja til um hvernig hefði farið ef upp hefði komið alvarleg atvik í troðfullri flugstöðinni og eini vegurinn þangað tepptur af snjó og bílum. Reyndar kom upp alvarlegt atvik sem hægt var að bregðast við vegna þess að í hópi farþega í flugstöðinni var læknir sem gat gripið inn í á meðan sjúkrabifreið, sem var rúmar 30 mínútur á staðinn frá HSS, braust í gegnum ófærðina.

Einnig vill enginn hugsa þá hugsun til enda ef alvarleg slys hefðu orðið á farþegum þegar hjólabúnaður flugvélar Icelandair gaf sig og flytja hefði þurft fjölda fólks á vanbúna og undirmannaða Heilbrigðistofnun Suðurnesja og/eða eftir einfaldri Reykjanesbraut á sjúkrahús á höfuðborgarsvæðinu.

Stjórn Almannavarna skorar á sveitarfélög og þingmenn svæðisins að krefjast þess strax að rekstrargrundvöllur HSS verði styrktur verulega og að lokið verði sem fyrst við tvöföldun Reykjanesbrautar alla leið að Flugstöðinni.

Fundi slitið kl. 14:05